

Athugun á laxa- og fiskalús 1. september 2017

Föstudaginn 1. september var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á löxum í kvíum Arctic Sea Farm hf. við Gemlufall í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Arctic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr. 18-15.

Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo sem er einnig verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Skipstjóri var Egill Ólafsson og farið var á bátnum Hafnarnes. Sjávarhiti var 10,5 °C.

Við kvíabyrpinguna út af Gemlufall eru tíu kvíar en aðeins fimm innihalda lax. Laxinn var settur í kvíar G1 og G10 í lok júní/byrjun júlí á þessu ári. Athugaðir voru 123 fiskar úr kví G1 og 101 fiskar úr kví G10. Laxinn var settur í kvíar G3 og G8 í byrjun ágúst á þessu ári. Athugaðir voru 29 fiskar úr kví G3 og 36 fiskar úr kví G8.

Á flest þeim fiskum sem lýs fundust á fannst ein lús á hverjum fisk en tvær fiskilýs fundust á nokkrum fiskum. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Bernharði Guðmundssýni. Allar laxalýs og flest fiskilýs voru teknar og eru nú geymdar á sýnasafni Náttúrustofunnar.

Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví G1, G3, G8 og G10 við Gemlufall í Dýrafirði 1.september 2017.

Kví	Fjöldi í kví	Þyngd (gr)	Athugaðir fiskar	Fiskilús	Laxalús			Athugasemdir
					F	H	K	
G1	88.182	418,6	123	59	0	0	1	Án eggstrengja
G3	31.932	236	29	15	0	0	0	
G8	112.578	143	36	6	0	0	0	
G10	91.601	638,1	33	74	0	2	0	

F= Fastar lýs

H= Hreyfanlegar lýs

K= Kynþroska kvenlýs (með og án eggstrengja)

Greinagerð ritaði Cristian Gallo, Bolungarvík, 4. september 2017.

